

### Afhverju ákvað ég að gera rúm í lokaverkefni?


Ég ákvað að gera rúm sem lokaverkefnið mitt vegna þess að ég er að læra smíði hér í skólanum og langaði því að prufa að gera eitthvað svoliðis sem lokaverkefni.

### Hvar vann ég verkefnið?

Ég vann verkefnið á verkstæði Trévangs á Reyðarfirði þar sem ég vinn og því lítið mál fyrir mig að komast þar inn.

Þetta var mjög skemmtilegt ferli og lærði ég mikið á þessu. Mæli eindregið með því að ef einhver er að taka iðngrein með stúdentsprófi að gera eitthvað sem tengist þeirri iðngrein sem verið er að læra og gera lokaverkefnið af því sviði, hjálpar mjög mikið í tengslum við iðnina.

Ég byrjaði á því að teikna rúmið upp:



Svo kom að því að velja efni. Ég valdi Pompala en það efni er dautt og því getur það staðið lengi án þess að svigna þar sem ég var einungis að vinna í þessu 1-2 daga í viku er það mjög gott. Mig langaði til þess að hafa timbrið 50 mm á þykkt, þannig að ég þurfti að byrja á því að líma saman planka til að fá þetta í góða þykkt og svo hefla það niður í 50x50mm. Þegar það var komið þurfti ég að bora fyrir rimlunum og gerði ég það í skólanum. Ég ákvað að hafa rimlana 12mm á þykkt, 40mm á breidd og 40cm á hæð. Ég notaði afganga af efninu sem ég átti í þá. Svo fræsti ég alla kanta til þess að þeir séu ekki hvassir ef einhver rekur sig í þá. Þegar það var komið fór ég að lakka. Fyrst þarf að grunna efnið áður en farið er að lakka það. Þar sem þetta er handa litlum dreng þarf að passa að nota lakk sem á ekki að brotna niður ef rúmið er nagað eða eitthvað slíkt og gæti valdið barninu skaða eða hættu. Lakka þarf ca 3-4 sinnum eða þar til að komin er góð áferð á rúmið. Passa þarf að lakkið þarf að þorna alveg áður en lakkað er aftur. Þetta getur tekið frekar langan tíma að komast í gegnum lökkunina. Svo er það að setja það saman.

Fyrst setti ég saman rimlana:



Næst setti ég fæturnar utan á það:



Þetta skrufaði ég saman og setti hvítt akrílkýtti til að fela skrufurnar. Einnig er hægt að nota sparsl.

Svo setti ég tappa í fæturnar og setti lengri hliðarnar með þeim og strúfaði líka í þær, þessar skrufur ætla ég að fela með lokum svo hægt sé að taka þær skrufur úr til að taka rúmið í sundur fyrir geymslu.

Og að lokum er þakinu komið fyrir, ég tappaði það niður og setti 1 skrufu í hvern enda til að festa betur og hægt sé að taka í sundur.

Mynd af rúminu fullgerðu er á næstu blaðsíðu.



Bætti að lokum við listum neðst á hliðar og enda og setti 12mm þykka krossviðarplötu undir.